

## AUGLÝSING

### um breytingu á Baselsamningnum um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra.

Hinn 4. apríl 2018 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent fullgildingarskjal Íslands vegna ákvörðunar III/1 sem samþykkt var í Genf 22. september 1995 um breytingu á Baselsamningnum um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra frá 22. mars 1989, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 13/1995, þar sem Baselsamningurinn er birtur. Ákvörðunin öðlaðist gildi 5. desember 2019.

Ákvörðunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 5. júlí 2021.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

*Martin Eyjólfsson.*

#### **Fylgiskjal.**

#### **Ákvörðun III/1 Breyting á Baselsamningnum**

Þing aðila,

sem hefur í huga að á fyrsta fundi þings aðila að Baselsamningnum var óskað eftir því að bann yrði lagt við flutningi á spilliefnum frá iðnvæddum löndum til þróunarlanda,

sem hefur í huga ákvörðun þingsins II/12,

sem gerir sér ljóst að:

- þingið hefur gefið tæknivinnuhópnum fyrirmæli um að halda áfram vinnu sinni við hættulýsingar á úrgangi í samræmi við Baselsamninginn (ákvörðun III/12),
  - tæknivinnuhópurinn hefur þegar hafið vinnu við að útbúa skrár yfir úrgang sem telst til spilliefna og úrgang sem ekki heyrir undir samninginn,
  - þessar skrár (skjal UNEP/CHW.3/Inf.4) hafa þegar reynst nytsamlegar leiðbeiningar en eru enn ekki fullfrágengnar eða viðurkenndar að fullu,
  - tæknivinnuhópurinn mun þróa tæknileiðbeiningar til aðstoðar sérhverjum aðila eða ríki sem hefur fullveldisrétt til að gera samninga eða samkomulag, þ.m.t. það sem fjallað er um í 11. gr., um flutning spilliefna milli landa,
1. gefur tæknivinnuhópnum fyrirmæli um að algert forgangsverkefni skuli vera það að ljúka við hættulýsinguna og útbúa skrárnar og tæknileiðbeiningarnar til þess að leggja megi þær fram til samþykktar á fjórða fundi þings aðilanna,
  2. ákveður að þing aðilanna skuli taka ákvörðun um skrá(r) á fjórða fundi sínum,
  3. ákveður að samþykkja eftirfarandi breytingu á samningnum:  
„Fellð er inn ný forsendumálgrein 7a:  
sem taka undir það að flutningur spilliefna milli landa, einkum til þróunarlanda, fellur mjög ólíklega undir þá vistvænu stjórnun spilliefna, sem samningurinn krefst.

Fellð er inn ný 4. gr. A:

1. Sérhver aðili, sem er talinn upp í VII. viðauka, skal banna allan flutning spilliefna, sem senda á til vinnslu í samræmi við IV. viðauka A, til ríkja sem eru ekki talin upp í VII. viðauka.
2. Sérhver aðili, sem er talinn upp í VII. viðauka, skal í áföngum hverfa frá öllum flutningi spilliefna, skv. a-lið i-liðar 1. gr. samningsins, sem senda á til vinnslu í samræmi við IV.

viðauka B til ríkja sem eru ekki talin upp í VII. viðauka, og banna hann frá og með 31. desember 1997. Slíkur flutningur milli landa skal ekki bannaður nema úrgangurinn, sem um ræðir, hafi verið lýstur hættulegur í samræmi við samninginn.

#### **VII. viðauki:**

Aðilar og önnur ríki, sem eru aðilar að Efnahags- og framfarastofnuninni, Evrópubandalaginu, Liechtenstein.“

### **Decision III/1 Amendment to the Basel Convention**

The Conference,

Recalling that at the first meeting of the Conference of the Parties to the Basel Convention, a request was made for the prohibition of hazardous waste shipments from industrialized countries to developing countries;

Recalling decision II/12 of the Conference;

Noting that:

- the Technical Working Group is instructed by this Conference to continue its work on hazard characterization of wastes subject to the Basel Convention (decision III/12);
  - the Technical Working Group has already commenced its work on the development of lists of wastes which are hazardous and wastes which are not subject to the Convention;
  - those lists (document UNEP/CHW.3/Inf.4) already offer useful guidance but are not yet complete or fully accepted;
  - the Technical Working Group will develop technical guidelines to assist any Party or State that has sovereign right to conclude agreements or arrangements including those under Article 11 concerning the transboundary movement of hazardous wastes.
1. Instructs the Technical Working Group to give full priority to completing the work on hazard characterization and the development of lists and technical guidelines in order to submit them for approval to the fourth meeting of the Conference of the Parties;
  2. Decides that the Conference of the Parties shall make a decision on a list(s) at its fourth meeting;
  3. Decides to adopt the following amendment to the Convention:  
Insert new preambular paragraph 7 bis:  
“Recognizing that transboundary movements of hazardous wastes, especially to developing countries, have a high risk of not constituting an environmentally sound management of hazardous wastes as required by this Convention;  
Insert new Article 4A:
    1. Each Party listed in Annex VII shall prohibit all transboundary movements of hazardous wastes which are destined for operations according to Annex IV A, to States not listed in Annex VII.
    2. Each Party listed in Annex VII shall phase out by 31 December 1997, and prohibit as of that date, all transboundary movements of hazardous wastes under Article 1, paragraph 1 (a) of the Convention which are destined for operations according to Annex IV B to States not listed in Annex VII. Such transboundary movements shall not be prohibited unless the wastes in question are characterized as hazardous under the Convention.

#### **Annex VII**

Parties and other States which are members of OECD, EC, Liechtenstein.”